

Útdráttur vegna umsóknar um leyfi til afmarkaðrar notkunar efðrabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Titill verkefnis:	Sameindaræktun með erfðabreyttu byggi - VakaRækt
Dagsetning:	27.1.2021
Ábyrgðaraðili umsóknar:	Jón Már Björnsson
Fyrirtæki/leyfisumsækjandi:	ORF Líftækni hf
Staðsetning:	Víkurhvarf 7, 203 Kópavogi
Útdráttur:	<p>ORF Líftækni hf (stofnað 2001) hefur undanfarin 20 ár þróað tækni til að framleiða sérvirk prótein (frumuvaka) í byggfræjum á mjög hagkvæman og öruggan hátt. Frumuvakarnir eru svo einangraðir og hreinsaðir úr byggfræjunum og er byggið því eingöngu nýtt til sameindaræktunar (molecular farming) en ekki sem fæði eða fóður. ORF Líftækni sækir nú um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi á afmörkuðu svæði í landi Landgræðslu Ríkisins að Gunnarsholti á Rangárvöllum. Tilgangur ræktunarinnar er að kanna hvort hægt er að rækta á Íslandi þau erfðabreyttu byggryki sem ORF notar í sínum rannsóknum og framleiðslu. ORF hefur ræktað bygg í 14 ár í gróðurhúsi sínu í Grindavík auk tilraunaræktanna á akri í Kanada síðan 2013 með góðum árangri. Á árunum 2009-13 var ORF með tilraunaræktanir í Gunnarsholti með misjöfnum árangri en nú hefur ORF víxlað nokkrum erfðabreyttum byggrykjum inn í betri ræktunaryrki sem hafa skilað góðum uppskerum í gróðurhúsi ORF. Niðurstöður fyrirhugaðrar ræktunar í Gunnarsholti verða bornar saman við ræktanir í Kanada sem og í gróðurhúsi ORF. Ef ræktunin skilar góðum niðurstöðum hefur ORF í hyggju að gera fleiri tilraunaræktanir á stærri skala með ræktanir til framleiðslu að markmiði innan fárra ára. Framleiðslan mun snúa að sameindaræktun á frumuvökum og öðrum próteinum sem eru mikilvæg fyrir frumuræktað kjöt (cell cultured meat; CCM) sem er ört vaxandi svið.</p>